

Menning


Menning

Menning

Nýjar bækur



„Sýn“ '81. „formið er tengt grunninum og umhverfinu með sjálfri pensilskriftinni.“



„Myndir“ '81. „Þessi myndbygging tjáir ólíka tíma á myndfletinum“.

munstur, heldur aðeins einfalda myndsyn sem áhorfandinn upplifir. Þannig eru myndverkin ákaflega „opin kerfi“ (bæði inntakslega og formrænt) þ.e. myndefnið getur verið tekið í mjög víðum skilningi. Þetta getum við séð í myndum líkt og „Sýn“ (nr. 19), „Hafið“ (nr. 21) — þar sem haf, land og dularfullar verur virka fyrst og fremst sem hvati á ímyndunarafl áhorfandans. Og mynd eins og „Myndir“ (nr.10) getur stað-

ið sem minningarsamnefni fyrir marga hér á landi.

**Draumur — veruleiki**

Í raun liggja myndverk Margrétar nálægt þeim svipmyndum sem við þekkjum úr íslenski þjóðtrú, sem oft á tíðum fjallar um stefnumót draums og veruleika, — en spurningin virðist

þó um fram allt vera hvernig ákveðinni „upplifun“ geti best verið miðlað. Víst er að áður nefndar formrannsóknir eiga eftir að ala af sér ákveðið myndmál þar sem form og inntak hafa sameiginlega sögn.


**Möguleikar**

Það er greinilegt að listakonan stendur frammi fyrir mörgum form-

rænum möguleikum, til að tjá sínar draumsýnir handan hins venjubundna landslagsmálverks.

Ekki getum við talað um neinn sérstakan heildarsvip á sýningunni, heldur fremur um ólík stílbrot, sem eru hlutar af formrænni gerjun, sem á sér stað hjá listakonunni. Hér vakna margar spurningar, sem listakonan þarf að taka afstöðu til í næstu myndverkum sínum.

-GBK.



**Fýlupokarnir**

eftir Valdis Óskarsdóttur

Mál og menning hefur gefið út barnabókina Fýlupokarnir eftir Valdisi Óskarsdóttur, og er þetta önnur útgáfa bókarinnar sem höfundur hefur breytt lítillega frá fyrri gerð og teiknar jafnframt myndirnar í bókinni sem eru litprentaðar í þessari útgáfu. Á bókar-kápu stendur:

„Hefur þú nokkuð komið í Séstvallagötu? Ekki það nei. Eiginlega bjóst ég ekki við að þú hefðir komið þangað, því eins og nafnið gefur til kynna, þá er þetta með eindæmum fyrirferðarlítill gata. — Svo lítil að hún sést varla.

Aftur á móti eiga fýlupokarnir sem búa við Séstvallagötu afskaplega auðvelt með að koma sér fyrir hjá þér og mér og okkur öllum.

Ertu ekki viss um það? Horfðu bara á fólkið í kringum þig...“

Fýlupokarnir komu fyrst út 1976 og hefur bókinni lengi verið uppseld. Þessi nýja útgáfa er sett í Leturvali sf, Repró annaðist umbrot og filmuvinnu, prentun var unnin í Formprent og Bókfell hf. batt bókina inn. Textinn er á stóru læsilegu letri og er bókinn 79 bls. að stærð. Eins og áður segir gerir höfundur teikningarnar í bókinni og á kápu.



**220 gómsætir sjávarréttir**

— Ný matreiðslubók komin út

Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf. hefur gefið út bókina: 220 Gómsætir sjávarréttir eftir Kristínu Gestsdóttur og hefur Sigurður Þorkelsson myndskreytt bókina. Eins og nafn bókarinnar ber með sér er hér um að ræða uppskriftir af sjávarréttum, en höfundurinn hefur á undanförunum árum prófað sig áfram í eigin eldhúsi og segir hún í formálsorðum bókarinnar að það hefði án efa þótt fremur skrytið uppátæki fyrir nokkrum árum að gefa út sérstaka bók um íslenska fiskrétti. „Allir vissu hvernig átti að sjóða og steikja fisk, eða var það ekki? Fólk leitaði lítið eftir tilbreytingu við matreiðslu úr fiski, því fiskur var „bara fiskur“. „Á síðustu árum hefur viðhorf fólks breyst hvað þetta snertir og því var orðin þörf fyrir bók um íslenska fiskrétti, enda er fiskur herramannsmatur, sé hann rétt meðhöndlaður og matreiður. Þess utan er fiskur mjög næringarríkur og ekki fitandi, jafnvel feitasti fiskur.“

Höfundur segir einnig í formála sínum að bókinni að ekki sé mikið um dýra og vandasama rétti í þessari bók. Markmiðið hafi verið að hvetja fólk til að borða fleirir tegundir af fiski og matreiða hann á fjölbreyttari hátt.

220 Gómsætir sjávarréttir er sett, umbrotin, filmuunnin, prentuð og bundin í Prentsmiðjunni Hólum hf. Kápu hannaði Sigurður Þorkelsson, en ljósmyndir á kápuna tók Gunnar V. Andrésson.


ÁSGEIR JAKOBSSON  
**Hinn sæli morgunn**

er örlaga saga tveggja einstaklinga, en hún er ekki síður þjóðlífssaga, skrifuð til að sýna, hversu ríkur þáttur ástin var í lífi þjóðarinnar í fábreytni og fásinni fyrri tíma eða eins og segir á einum stað í bókinni: Hvert gat fólkið flúið í þennan tíma undan ástinni? Ekki í ferðalög, skemmtanir, aðra atvinnu né hugsjónir. Það bjó með ástinni og

hafði engin ráð til að eyða henni, ef hún var sár, stundum vildi það ekki eyða henni, þó hún væri sár, hún var það eina sem það átti. Ef hún á hinn bóginn var lukkuð, þá varð hún lífsfylling í baslinu og fyllti kotið unaði. Hinn sæli morgun, er ekki hefðbundin ástarsaga, hún er annað og meira.

Verð kr. 197,60

**ÞJÓÐSAGA** ÞINGHOLTSTRÆTI 27 — SÍMI 13510



**GÓÐ TASKA...**

... er skemmtileg jólagjöf

Hanzkar í gjafaumbúðum

Hjá okkur fást falleg gjafakort



SENDUM Í PÓSTKRÖFNU

TÖSKU-OG HANZKABÚÐIN

Skólavörðustíg 7 — Sími 15814